

22. gr.

190

Málsókn.

29. nóv.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 5 4. janúar 1923, og reglugerð nr. 99 14. október 1932, um breytingu á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögunum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

191

um afnám blöndunar smjörs í smjörliki.

7. des.

Frá þessum degi og þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjöri í smjörliki, sem framleitt er hér á landi, né í erlent smjörliki, sem flutt kynni að verða til landsins.

Auglýsing, dags. 23. nóvember 1940, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörliki, er jafnframt úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Davíðs Sch. Thorsteinsson læknis“, útgefin á venjulegan hátt 9. desember 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 192 9. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Davíðs Sch. Thorsteinsson læknis.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Davíðs Sch. Thorsteinsson læknis.

2. gr.

Stofnfé er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — sem ekkja Davíðs Sch. Thorsteinsson hefir gefið kvenskátafélaginu í Reykjavík.